



Margrét Guðnadóttir þakkar Guðmundi Þorgeirssyni forseta læknadeildar fyrir heiðursnafnbótina.

Heiðursdoktor við læknadeild

Margrét Guðnadóttir prófessor emeritus var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við athöfn í hátíðasal Háskóla Íslands þann 9. nóvember síðastliðinn. Margrét er brautryðjandi í rannsóknum sínum á visnuveiru í sauðfé og löngu viðurkennd sem einn af fremstu vísindamönnum í heiminum á þessu sviði. Margrét þakkaði heiðurinn og kvað rannsóknarárangur sinn ekki síst að þakka kennara sínum og velgjörðamanni, Birni Sigurðssyni forstöðumanni á Keldum er lést árið 1960. Sigurður Guðmundsson sviðsstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands færði Margréti þakkir fyrir hennar framlag til vísindasamfélagsins og kvað mikilvægt að háskólinn viðurkenndi ósérhlífð ævistarf vísindamanna á borð við Margréti Guðnadóttur, sem á ferli sínum hefði ekki sóst eftir vegtyllum sjálfri sér til handa.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Rúmt hálf tölva er nú liðið frá því að **Homage**, verk **Magnúsar Árnasonar** (f. 1977), var sett upp í Ásmundarsafni í Laugardal, en alls verður það til sýnis í eitt ár. Verkið felur í sér tilvísanir í óravíddir tímans og því vel við hæfi að það sé svo lengi á sýningu. Í einstökum hljómburði Kúlunnar, hvolfþaki safnbyggingarinnar, má heyra dauft tif í klukku sem ómögulegt er að staðsetja, enda brenglast hljóðskynjun gesta algerlega í þessu einstaka rými. Þess utan er dimmt þegar upp er komið og allt leggst á eitt við að skapa sérstök hughrif og færa áhorfandann inn í annan heim. Fyrir miðju er upplýst borð, afmarkað með köðlum svo áhorfendur hætti sér ekki of nærri, enda fínlegir glerskúlptúrar á því miðju. Það eru eins konar tilraunaglöms, tvær glærar kúlur með vökva og liggur flöskuháls í langan sveig út frá belgnum. Á þær er ritað heiti verksins. Um er að ræða endurgerð gamallar vísindatilraunar Louis Pasteurs frá því um 1860, þar sem hann sýndi fram á að líf kviknar ekki af sjálfu sér. Hann útbjó svanahálsflöskur, svipaðar þeim sem hér má sjá, með næringarríkum vökva sem hann sauð og enn í dag eru þær flöskur varðveittar með tærum og líflausum vökva. Örvurur sem berast með loftinu myndu



að óbreyttu menga vökvann en þær komast ekki inn um þröngan og langan stútninn, heldur setjast á hann innanverðan. Í sýningarrýminu ríkir samt sem áður spennan, rétt eins og maður eigi von á því að verða vitni að einhverju í flöskunum. Verkið leiðir hugann að list og sköpun, spurningum um hvort þar sé nokkuð sjálfsprottið að finna eða er öll list hluti samhangandi framvindu? Í annarri flöskunni er vökvinn tekinn að gruggast, enda hvolfdi Magnús henni á opnun sýningar þannig að innihaldið komst í snertingu við það sem fyrir var í stútnum. Listamaðurinn fangar þannig augnablikið og hrindir ákveðinni framvindu af stað en vísar um leið bæði aftur til 19. aldar, sem og enn lengra aftur eða til upphafs lífs á jörðu fyrir um fjórum milljörðum ára. Þegar Pasteur hafði sannað að sjálfsvikun lífs væri ógerleg og Darwin um svipað leyti sett fram þróunarkenningu sína, vöknudu spurningar um hvaðan lífsneistinn hefði komið í upphafi. Þeirri spurning er enn ósvarað í dag og er vel við hæfi að velta fyrir sér á jolum. Gleðilega hátíð!

Markús Þór Andrésson